



4. stjórnarfundur LH

1. febrúar 2021 kl. 12.00

Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson formaður, Stefán Logi Haraldsson, Hákon Hákonarson, Gréta V. Guðmundsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Eggert Hjartarson, Siguroddur Pétursson úr aðalstjórn. Lilja Reynisdóttir, Aníta Aradóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Fjarverandi: Einar Gíslason, Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

1. Mál 10/2020 fyrir dómstóli ÍSí

Ari Björn Thorarensen hefur kært til dómstóls ÍSí Aganefnd LH og þá ákvörðun sem fram kemur í úrskurði Aganefndar LH í máli 1/2020 um að allur keppnisárangur af Metamóti 2020 skuli felldur niður. Dómstjóri ÍSí telur eðlilegt að LH óski eftir að gerast aðili að málinu og skili inn greinargerð.

Afgreiðsla: Samþykkt að fela formanni að óska eftir að LH gerist aðili að málinu og skila inn greinargerð þar sem þrautavarakrafa Ara er studd, að málinu verði vísað aftur til aganefndar LH.

Fundi slitið um kl. 12:30